

„Ég er skorpumanneskja...“

mig að vinna svona í lotum. Ég er skorpumanneskja. Samt finnst mér alltaf allt eftir og ég veit að maður verður að alveg fram á síðustu stundu.”

**Staðsetning erfíð:**

„Nei, ég á nú sjálf heldur erfitt með að gera mér grein fyrir því hvernig myndirnar hafa þróast hjá mér. Maður heyrir það frekar utan af sér frá fólki sem fylgist með. Sjálfsgagt er hægt að kalla þessa hluti sem ég er að fást við nýrealisma, jafnvel blandabán súrrealisma. Það er ekki svo gott að staðsetja þetta vegna þess að svo margt er að gerast einmitt núna. Þetta er ekki eins og þegar abstraktið var og hét, og aðeins var sú eina ákveðna stefna sem fók aðhylltist. Staðsetningin verður líkast til að biða síðari tíma. Mér finnst erfitt að skýra frá því hvernig viðfangsefnin þrýsta á mann. Þörfin fyrir að búa til myndir er til staðar og svo kemur þetta bara af sjálfu sér. Ég fæ ekki allt í einu hugmynd og segi: Nú verð ég að gera mynd sem er akkurat svona. Miklu frekar byrjar maður á smáhlut sem síðan þrónast í kringum. Ég geri gjarnan skissur sem ég stækka svo upp í málverk, og í þessar skissur nota ég oft klippimyndir. Stundum fæðist hugmynd út frá slíkum myndum sem ég rekt á í blöðum, en stundum byrja ég líka bara á teikningu út í bláinn.“

**Stutt er í fornöldina:**

„Þetta lætur mann ekki í friði þegar maður er kominn út í þetta á annað borð, og maður djöflast bara í hugmyndunum eftir því sem þær fæðast. Nöfn fá myndirnar hins vegar sjaldn-

ast fyrr en á staðnum og stundinni. Ég hugsa að fyrir þessa sýningu muni ég hafa smá skírnarathöfn á undan opnuninni. Ég fæ oftast nokkra kunningja og vini til að hjálpa mér við nafngiftir. Þótt ég sé sjálf búin að gera mér allt abra hugmynd er oft skemmtilegast þegar nöfnin koma frá fólki sem sér myndirnar í fyrsta skipti og fær spontant hugmynd. Hvað myndefnið áhræfir er það jú rétt að ég geri dálítið af því núna að hræra saman fornaldarmótívum og nútímahlutum. Ég held reyndar, að það sé ekki svo mikið bil



„Ég held að það færi oft ekki vel fyrir grautarpottunum ef ég ætti að sjá um þá og mála...“

þarna á milli, þrátt fyrir alla tækni. Breytingin er ekki það mikil hjá manningum sjálfum, þ.e. hvað varðar hans andlega þroska. Þetta þýðir alls ekki að ég sé svartsýn. Ég held bara að of mikið sé gert úr þessu bili, — of mikið gert úr því hversu langt við erum komin.“


**Jafnréttisbaráttan og myndlistin:**

„Jú, vafalaust hafa félagslegar og pólitískar hræringar umhverfisins áhrif á mann. Ég get á hinn bóginn ekki sagt að pólitík sé neitt atriði hjá mér sem myndlistarmanni, þótt maður geti auðvitað sagt eins og svo margir gera: Allt er pólitískt. Náttúrulega er ég mjög fylgjandi jafnréttisbaráttunni og ég hef fengist við hana í myndlist inn- um og saman við annað. Ég held að það sé rétt að jafnréttismálin hafi hugsanlega sérhæft val viðfangsefna hjá listakönnum um of undanfarið og það stafar væntanlega af því að um þessi mál hefur svo mikið verið talað

og svo mikið hefur verið gert úr þeim. En jafnréttisbaráttan stoppar ekki. Hún er rétt að byrja hér hjá okkur, og nær auðvitað til fleiri sviða en stöðu konunnar.“

**Myndlist er vond fyrir grautarpottana:**

„Að mörgu leyti held ég að það sé tiltölulega auðvelt að vera kona og vinna í myndlist á Íslandi núna. Það er jöfn staða kynja innan myndlistarinnar. Það er ekki lítið á konu í myndlist sem konu, heldur miklu fremur sem myndlistarmann — eða myndlistarmanneskju. Ég veit að visu ekki hvernig þetta hefur verið á fyrri árum. Við höfum átt marga góða myndlistarmenn úr hópi kvenna — Ninu Tryggvadóttur, Júlíönu Sveinsdóttur • Gerði Helgadóttur til dæmis, og ég veit ekki glöggst hvernig var fyrir þær að berjast í þessu. En hins vegar leitubu þær héðan til útlanda, þótt ég hugsi að það hafi verið fyrst og fremst vegna þess að þær vildu vera í snertingu við heimsmenninguna. Það er ekki langt síðan erlendir straumar í listum byrjuðu að koma hingað að ráði. Það er alla



„Á þessum árum var það sem maður gerði afskaplega fálmennt...“

vega alveg ágætt að vera kona í myndlist hér núna finnst mér, — það er að segja ef maður er einn og er ekki með fjölskyldu. Það hugsa ég að væri erfðara mál. Ég held það færi oft ekki vel fyrir grautarpottunum ef ég ætti að sjá um þá og mála. Ég hef alveg forðast þetta. Hef alltaf einblint á listina.“

**Að komast út úr eigin grufli:**

„Nei, ég held að minar myndir mótist mjög lítið af persónulegum hræringum í mínu lífi. Valið á viðfangsefnunum miðast við eitthvað fjarlægara alveg ómeðvitað. Engu að síður þykir mér gott að losa mig frá eigin grufli hér heima hjá mér öðru hvoru og vinna á öðrum vettvangi, til dæmis í leikhúsi. Leikhús er mjög lifandi staður, og þar vinnur maður í stórum hópi. Ég held að það sé gott fyrir myndlistarmenn að starfa öðru hverju á slíkum stað til að tynast ekki inn í sjálfa sig. Ég hef gert svoltið af þessu, — í Þjóðleikhúsinu og einnig talsvert í Leikbrúðulandi, þar sem ég hef bæði unnið að leikmyndagerð og brúðgerð og fundist afskaplega gaman. Ég hef líka m.a. fengist við að myndskreyta bækur og nú fyrir jólin myndskreytti ég albumið af plötu Spilverks Þjóðanna, Götuskóm. Það fannst mér mjög skemmtilegt og ekki alveg eins bindandi og bóka-skreytingarnar. En skemmtilegast er þó náttúrulega það sem maður er að gera núna, — að mála og teikna eftir eigin höfði.“

**Upphafið:**

„Ég geri mér nú satt að segja ekki grein fyrir því hvenær eða hvernig myndlistaráhuginn kviknaði. Ég held ég hafi haft gaman af því að krota frá því ég man eftir mér, en það leið langur tími þar til ég tók ákvörðun um að fara alveg út í þetta. Ég átti ósköp ágæta og góða barnæsku hér í austurbænum í Reykjavík, en það var ekki



„Að verðleggja myndirnar mínar er það leiðinlegasta sem ég geri...“

meiri myndlist eða myndlistaráhugi í kringum mig en gengur og gerist. En strax í barnaskóla var ég farin að baxa við þetta ansi mikið, og þetta vildi taka tíma frá öðru. Það bitnaði aðallega á skólalærdómi, — skyldunni sko. Það var ekkert annað áhugamál sem myndlistin þurfti að berjast við. En það var engin mótstaða á mínu heimili gagnvart því að ég helgaði mig myndlistinni. Það var ákvörðun sem ég fékk að taka alveg sjálf.“

**Akvörðunin:**

„Ég var orðin 18 eða 19 ára þegar ég loksins tók ákvörðun um að gera alvöru úr þessu. Ég hafði í nokkur ár eftir skólann verið í hálfgerðu millibilsástandi. Var svona að athuga minn gang. En svo tók ég ákvörðun og fór að ganga í kvöldskóla í Myndlistarskólann í Reykjavík. Þar kenndi mér



„Auðvitað tek ég yfirleitt mest mark á minni eigin krítík...“


Ragnar Kjartansson, sem þá var einnig með Glit, og ég fór að vinna hjá honum við keramikskreytingar á daginn. Þetta miðaðist allt við að fara utan til náms frekar en að setjast í skóla hér, og ekki dró það úr mér að meðal samstarfsmanna minna í Glit voru margir myndlistarmenn, eins og Hringur Jóhannesson, Sigurjón Jóhannesson, Haukur Dór, og Jónna Guðnadóttir. Mig langaði til að komast í snertingu við það sem var að gerast úti. Eftir fjögur ár hjá Glit fór ég svo til Kaupmannahafnar, og settist eins og svo margir Íslendingar í Akademið þar. Sá skóli hefur alla tíð verið hlyntur Íslendingum og það gekk alveg ljómandi vel að komast þangað inni. Þetta var 1967“.

**Skólaárin í Höfn:**

„Ég var fjögur ár í Kaupmannahöfn, og líkaði afskaplega vel. Að sumu leyti var þetta auðvitað erfitt, en það var svo mikið að skoða og mikið að gera að maður mátti ekkert vera að því að mikla fyrir sér erfðib. Námið í málverkinu við Akademið var ansi frjálst, en svo gat maður sótt tíma og fyrirlestra aukalega, og ég var líka í grafík þarna t.d. Svo var góð myndlist alltaf á ferðinni í Danmörku, auk skólaferða til annarra landa að skoða myndlist. Slíkt er ekki svo auðvelt hér heima. Íslendingar voru margir í Höfn þá eins og nú, og samhaldnin var mikil. Samt var aðeins einn Íslendingur með mér í málverkinu — Jakob Jónsson, sem sýndi í Bogasalnum í fyrra en hefur að öðru leyti lítt haft sig í frammi. Mun fleiri Íslendingar voru þá í arkitektúrnum. En þótt maður væri á kafi í myndlistinni, þá var maður þó ekki einskorðaður við þetta og naut þess vissulega að vera í Höfn yfirleitt. Jú, ég held að þetta klassíska íslenska bóhemlíf í Höfn hafi verið við lýði þá eins og oftast. Og samhaldni Íslendinganna hefur vafalaust takmarkað eitthvað samband manns við dani. Kynnin við þá dani sem maður umgekkst voru hins vegar mjög góð og sterk“.

**Að prófa sem flest:**

„Nei, ég get ekki sagt hvaðan



BYRJUNARÖRÐUGLEIKAR: Þorbjörg við gamla mynd frá skóla árunum í Kaupmannahöfn, — klassíska uppstillingu sem hún vill núna kenna við byrjunarörðugleika.

Myndir: Jens Alexandersson